



Almanak 2011



Lampi gerður úr endurunnninni
piparkvörn, grind úr lampaskermi
og vídeóspólu (þráður)

Sigríður Guðmundsdóttir



Smekkir úr plastpokum o.fl.

Þórkatla Sif Albertsdóttir



Sjálfsgagt að endurnýta!

Endurvinnsluhönnun, að gefa úrgangi nýtt verðmæti, var verkefni nemenda á vorönn og haustönn 2010 á listnámsbraut lönskólans í Hafnarfirði.

Verkefnið var kennt í AHL 303 og kennari verkefnisins var Sólveig Sveinbjörnsdóttir en einnig kom Dagur Óskars-son, kennaranemi, að verkefninu á vorönninni.

Markmiðið með verkefninu var að nemendur endurnýttu gamla fundna hluti og hönnuðu nýja vöru. Nemendur byrjuðu á að gera rannsókn á endurvinnslu í hönnun og velta fyrir sér hugtökum á borð við sjálfbærni og vist-vænni hönnun.

Hópurinn fékk fróðlega kynningu frá kynningarfulltrúa SORPU um úrgang í nútímanum og hvað væri hægt að gera betur með flokkun og nýtingu. Einnig voru endurvinnslustöð og flokkunarstöð fyrir brotamálm heimsóttar til að öðlast meiri innsýn í hringrás hlutanna, hvaða rusl fellur til og hvernig það er endurunnið.

Í verklega þætti verkefnisins áttu nemendur að safna efnivið. Lögð var áhersla á flokkunarkerfi SORPU; fernur, garðaúrgang, rafmagnstæki, pappírsúrgang, plastumbúðir o.fl. Einnig máttu nemendur víða að sér notuðum hlutum úr geymslum eða frá Góða hirðinum. Í framhaldi af þessu fíkrðu nemendur sig sjálfstætt áfram í hugmyndavinnu með því að máta saman hina ólíklegustu hluti og hugsa upp notagildi, samsetningarmöguleika o.s.frv. Sú hugmynd sem þótti sterkust hjá hverjum nemanda var þróuð frekar. Verkefnið var lærdómsríkt og niðurstaðan fannst okkur fjölbreytt og skemmtileg.

Sólveig Sveinbjörnsdóttir,

kennari á listnámsbraut lönskólans í Hafnarfirði

Lágmynd úr fernu – Alma Dögg Einarsdóttir

Lágmynd úr eggjabakka – Berglind Ósk Ragnarsdóttir

Lágmynd úr pappír – Emil Brynjarsson



Hvað er að vera ég?

Flokkum og skilum á endurvinnslustöðvar SORPU

- Þannig getur úrgangur orðið hráefni í nýjar vörur.
- Minna landrými fer undir urðunarstaðinn.
- Það er ódýrara fyrir samfélagið og umhverfisvænna ef úrgangi er skilað flokkuðum á endurvinnslustöð.

Merkingar

Á endurvinnslustöðvum eru gámar undir flokkaðan úrgang merktir með númerum og teikningum sem vísa til viðkomandi úrgangstegunda. Í þessum bæklingi er notast við sömu merkingar sem auðveldar flokkun á stöðvunum. Einnig er notast við tákn sem eru útskýrð hér fyrir neðan.

 Úrgangstegund sem ber þetta tákn er gjaldskyld. Ef táknið er ekki til staðar kostar ekkert að skila viðkomandi úrgangi á endurvinnslustöð.

 Hér kemur fram með hvaða hætti hráefnið er endurnýtt.

 Úrgangstegund sem ber þetta tákn inniheldur spilliefni sem þarf að eyða.

 Úrgangi má einnig skila í grenndargáma á höfuðborgarsvæðinu.



1

Óendurvinnanlegur úrgangur

Í þennan flokk fer blandaður úrgangur sem ekki fellur undir aðra úrgangsflokka. Úrgangurinn er baggaður og fluttur í Álfsnes þar sem hann er urðaður.

 Athugið að úrgangurinn getur verið gjaldskyldur ef hann hefur fallið til við framkvæmdir.

2

Bylgjupappi

Bylgjupappi þekkist á þykkt hans og bylgjulaga brúnum. Fjarlægja þarf allar plastumbúðir og umbúðir úr öðrum efnum innan úr kössum. Gott er að brjóta saman umbúðir og minnka þannig umfang þeirra. Bylgjupappi má vera áprentaður í sterkum litum.

 Framleiðsla úr endurunnum bylgjupappa er m.a. nýir pappakassar og einangrunarplötur.

3

Timbur og trjábólir

Í þennan flokk fer allt timbur nema það sem er ljósmálað eða plasthúðað. Ekki má setja masónít, trétex eða þunnar innihurðir með timbrinu.

 Timbur er gjaldskyld en trjábolum er hægt að skila á stöðvarnar án gjalds. Athugið að stærri förmum en 2 m³ skal skilað í móttökustöðina í Gufunesi en þar er hvort tveggja gjaldskyld.

 Timbur er kurlað og nýtt sem kolefnisgjafi við framleiðslu kísiljárns hjá Íslenska járnblendifélaginu hf á Grundartanga.

4

Ljósmálað og plasthúðað timbur

Ljósmálað timbur nýtist ekki hjá Járnblendiverksmiðjunni vegna efnis sem ljós málning inniheldur (titan). Timbrið er notað sem yfirlag á urðunarstaðnum í Álfsnesi.

 Timbur er gjaldskyld. Athugið að stærri förmum en 2 m³ skal skilað í móttökustöðina í Gufunesi.

5

Málmar

Í þennan flokk fer allt sem inniheldur málma af einhverju tagi, jafnvel þó það sé aðeins að hluta, s.s. ýmis húsgögn, niðursuðudósir o.fl. Athugið að raftæki fara í annan farveg, sjá flokka nr. 7, 14, 15 og 17.

 Málmar eru flokkaðir, bræddir og endurunir í nýjar vörur erlendis. Málmar eru verðmætt hráefni sem hægt er að endurvinna aftur og aftur.

6

Grófur úrgangur

Í þennan flokk fara t.d. ónýt húsgögn, dýnur, úrgangur frá bílaviðgerðum og aðrir fyrirferðarmiklir hlutir sem ekki er hægt að pressa. Efnið er hakkað í móttökustöð SORPU í Gufunesi og síðan fargað á urðunarstaðnum í Álfsnesi.

 Þessi flokkur getur verið gjaldskyldur ef um er að ræða úrgang sem tengist framkvæmdum, s.s. gólfdukar og teppi, gluggakarmar með gleri í o.fl. Ónýt húsgögn, t.d. sófar og stólar, eru ekki gjaldskyld.

7

Stór raftæki

Í þennan flokk fara heimilistæki, nema annað sé tekið fram. Athugið að kæliatæki eru flokkuð sérstaklega, sjá flokk nr. 17.

 Stjórnölvur, þéttar og rafmagnssnúður eru fjarlægðar og tækin síðan endurunin ásamt öðrum málmi.

8

Steinefni

Í þennan flokk fara efni sem ekki brotna niður í náttúrunni, svokölluð „berandi“ efni. Sem dæmi má nefna gler, hreinlætistæki úr postulíni, flísar, múrbrot og hellur. Losið úrgang ávallt úr pokum. Athugið að mold fer í flokk 10.

 Úrgangurinn er gjaldskyldur ef hann hefur fallið til við framkvæmdir.

 Efnið er hægt að nýta sem jarðvegsfyllingu ef það er án aðskotahluta.

10

Garðaúrgangur

Í þennan flokk fer allur garðaúrgangur sem ekki nýtist til moltugerðar, s.s. torfur, arfi, plöntuleifar og mold. Losið úrgang ávallt úr pokum. Efninu er fargað á jarðvegstípp.



Efnið getur verið gjaldskýlt ef það fellur til við framkvæmdir, s.s. jarðvegur og torf.

11

Pappír og sléttur pappi

Í þennan flokk fara dagblöð, tímarit, prentpappír, hreinar og tómatar fernur, eggjabakkar, pappambúðir undan morgunkorni, kexi, pasta o.fl. Fjarlægjið plast og matarleifar úr umbúðum, skolið fernur og brjótið umbúðir saman.



Þessum flokki er hægt að skila í **bláa grenndargáma** og á endurvinnslustöðvar.



Efnið er endurunnið erlendis. Nýjar vörur úr efninu eru t.d. klósettpappír, eldhúsrúllur og nýjar pappambúðir úr sléttum pappi.

13

Plastumbúðir

Flokka skal allar umbúðir úr plasti – nema frauðplast og umbúðir sem bera skilgjald. Þetta eru t.d. sjámpóbrúsur, tómatsósufflokkur, plastbakkar, plastpokar o.fl. Umbúðir skulu vera tómatar, án allra aðskotahluta, s.s. matar- eða efnaleifa. Gott er að stafla umbúðum eða pressa þær vel saman til að nýta plássið sem best – það kostar að flytja loft!



Plastumbúðir fara í **græna grenndargáma** eða á endurvinnslustöðvar.



Plastumbúðirnar eru ýmist nýttar til orkuvinnslu eða til endurnýtingar bæði hérlandis og erlendis.

14

Raftæki (lítil)

Í þennan úrgangsflokk fara öll raftæki sem ekki tilheyra öðrum flokkum, t.d. ryksugur, brauðristar, hárfurkur, rakvélur, útvörp, kaffivélur, símar, prentarar o.fl. Athugið að tölvur og skjáir fara í annan farveg, sjá flokk nr. 15.



Ónýt raftæki eru tætt í sundur og málmar aðskildir frá plasti og öðrum efnum og síðan endurunnið.

Tölvur og flatskjáir

Borðtölvur, turntölvur og flatskjáir (líka sjónvörp) fara saman í ílát á endurvinnslustöðvum SORPU. Viðskiptavinir athugið að ef þess er óskað að tæki fari í endurnotkun skal setja þau í sérstakan gám fyrir nýtihluti.



Tölvur eru teknar í sundur og teknar úr þeim prentplötur, harðir diskar, diskadrif, kælieining og spennugjafi. Allir þessir hlutir fara í málmeðurvinnslu, sem og kassinn utan af tölvunni. Flatskjáir eru fluttir úr landi þar sem þeir eru meðhöndlaðir sérstaklega til að aðskilja parta sem eru nýtanlegir til viðgerða á öðrum skjám. Allir íhlutir sem ekki eru endurnýttir eru endurunnið.



Spilliefnum er eytt svo þau geti ekki haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Athugið að færtölvur, fis- og leikjätölvur eru aðgreindar frá turn- og borðtölvum og fara í sérstakt ílát sem þó er staðsett í sama gám og ílátið fyrir tölvur og flatskjái.

15

Túpuskjáir

Túpuskjáir, hvort sem er tölvuskjáir eða sjónvörp, eru aðskildir frá öðrum raftækjum og flokkaðir sér.



Túpuskjáir eru fluttir úr landi þar sem þeir eru meðhöndlaðir sérstaklega til að aðskilja plast, gler, blý og fosfór.



Blý og fosfór þarf að meðhöndla sérstaklega þar sem þessi efni geta haft skaðleg áhrif á umhverfið.

Ljósaperur

Flokka skal flúorperur, sparperur, halogenperur og allar aðrar perur í þennan flokk.



Perur sem innihalda kvikasilfur fá sérstaka meðhöndlun þar sem kvikasilfrið er aðskilið frá gleri og öðrum efnum og því eytt sérstaklega. Afgangurinn fer til urðunar.

16

Spilliefni

Spilliefnum ber samkvæmt lögum að skila til eyðingar. Undir spilliefni flokkast ýmskonar hreinsiefni, málning, lím, leysiefni, rafhlöður, lakk, stíflueyðir, skordýraeitir, úðabrusar, frostlögur, olíufefni, rafgeymar o.fl. Spilliefnum skal skila í lokuðum umbúðum. Réttar merkingar á ílátum auðvelda flokkun spilliefna.



Efnin eru meðhöndluð á viðeigandi hátt og komið til eyðingar eða í endurvinnslu.

17

Kælitæki

Gömul kælitæki innihalda kælimiðilinn freon en það er efni sem veldur eyðingu ósonlagsins. Að auki innihalda kælitæki olíu sem flokkast sem spilliefni.



Freon og olía eru tæmd úr skápunum og efnin meðhöndluð með viðeigandi hætti.



Skáparnir eru teknir í sundur og flokkaðir til endurvinnslu. Helstu endurvinnsluflokkar eru járn, ál, kopar og plast.

18

Húsbúnaður og húsgögn

Í nýtiagám á endurvinnslustöð fer allur húsbúnaður, raftæki og annað sem fólk vill að fari í endurnotkun, t.d. borð, stólar, rúm, ísskápar, þvottavélur, bækur, diskar og bollar svo eitthvað sé nefnt. Þessir hlutir eru seldir í Góða hirðinum, nýtiþamkaði SORPU og líknarfélagi, Fellsmúla 28.



Ágóði af sölnunni í Góða hirðinum rennur til góðgerðarmála.

góði hirðin

19

Föt og klæði

Í gáma merкта Rauða krossi Íslands fara allar vefnaðarvörur, t.d. fullorðinsfatnaður, barnafatnaður, yfirhafnir, gluggatjöld, áklæði, teppi og handklæði. Föt og klæði þurfa að vera þökkuð í lokaðan plastpoka.



Föt og klæði nýtast til hjálparstarfs innanlands og erlendis á vegum Rauða kross Íslands.



20

Skór

Skilið skópörum í lokuðum pokum eða bindið saman reimar. Þannig haldast skópörin saman og það sparar tíma og fyrirhöfn við flokkun á þeim.



Skórnir eru flokkaðir, settir í endursölu eða gefnir til líknarstarfa á vegum Samtaka íslenskra kristniboðsfélaga.



21

Skilagjaldsskyldar umbúðir

Áldósir, plastflöskur og glerflöskur skal flokka og telja eftir efnistegund. Að hámarki er tekið við 1000 einingum í einu á endurvinnslustöð. Aðeins er greitt fyrir umbúðirnar inn á debetkort. Endurvinnslan hf, Knarrarvogi, tekur við meira magni af umbúðum og þar er einnig hægt að fá greitt fyrir þær með peningum.



Framleiðsla úr endurunnum áldósum er nýjar áldósir. Úr gömlu plastflöskunum er framleidd polyester ull, efni sem t.d. nýtist í fataiðnaði og teppaframleiðslu og eru flisföt þekktasta afurðin. Glerflöskur eru muldar og nýtast sem jarðvegsfyllingarefni hérlandis.



22

Hjólbarðar

Tekið er við hjólbörðum frá heimilum á endurvinnslustöðvum SORPU. Hjólbarðar eru kurlaðir og endurnýttir. Ekki má setja plastumbúðir (flokkur 13), reiðhjóladekk eða slöngur (flokkur 1) í gáminn.



Kurlaðir hjólbarðar eru nýttir sem drenlag á urðunarstað SORPU í Álfsnesi.



23

Kertaafgangar

Kertaafgöngum er safnað á endurvinnslustöðvum í samvinnu við kertagerðir.



Vaxið nýtist til framleiðslu á nýjum kertum.



24

Trjágreinir

Trjágreinum skal skilað án aðskotahluta. Þær eru kurlaðar og nýtast ásamt grasi í moltuframleiðslu. Losið greinar ávallt úr pokum.



Framleiðsla á moltu, lífrænum jarðvegsbæti. Kurlaðar trjágreinir má einnig nota sem lyktheftandi filter á urðunarstaðnum í Álfsnesi.



25

Gras

SORPA framleiðir jarðvegsbætinn MOLTU úr trjágreinum og grasi. Losið grasið ávallt úr pokum.



MOLTA er úrvals áburður eða bætiefni í beðin og á grasflötina.

**Heyrúlluplast**

Heyrúlluplasti skal skilað án aðskotahluta til móttökustöðvar SORPU í Gufunesi.



Efnið er endurunnið á vegum þjónustuaðila Úrvinnslusjóðs.

**Gamalt fyrir þér – nýtt fyrir öðrum**

Á öllum endurvinnslustöðvum SORPU, nema á Kjalarnesi, eru nytjagámar fyrir Góða hirðinn þar sem fólk getur gefið hluti sem það er hætt að nota. Við tökum við hlutum sem eru með óskert notagildi og tilheyra heimilishaldi, allt frá húsgögnum og raftækjum til leikfanga, bóka og smámuna. Ágóði af sölu muna í Góða hirðinum rennur til góðgerðarmála.



góði hirðirinn

**Afgreiðslutími á starfsstöðvum SORPU er sem hér segir:****Móttökustöð í Gufunesi**

Virka daga: 07.30 - 17.00

Laugardaga: LOKAÐ, nema fyrir viðskiptavinum með viðskiptakort frá 13.00 - 16.00

Endurvinnslustöðvar

Virka daga: 12.30 - 19.30

Um helgar: 12.00 - 18.30

Stöðin við Breiðhelli opnar kl. 8.00 á virkum dögum.

Álfsnes

Virka daga: 08.00 - 17.00

Laugardaga: 08.00 - 12.00

Endurvinnslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu:

Ánanaust, s. 561 6570

Jafnasel 8, s. 567 6573

Sævarhöfði 21, s. 567 6570

Breiðhella 8-10 Hafnarfirði, s. 571 0920

Dalvegur 1 Kópavogi, s. 564 3140

Bliðubakki Mosfellsbæ, s. 566 8120

Góði hirðirinn

Fellsmúla 28

Virka daga: 12.00 - 18.00

Um helgar: LOKAÐ

Grenndargámar

Um 80 grenndarstöðvar eru staðsettar víða á höfuðborgarsvæðinu. Hægt er að skoða staðsetningu þeirra á heimasíðu SORPU, www.sorpa.is.

Reglur um losun úrgangs og gjaldskyldu frá heimilum

Kostnaður vegna reksturs endurvinnslustöðva er greiddur af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu.

1) Gjaldfrjáls úrgangur

Ekki er greitt fyrir losun á úrgangi frá daglegum heimilisrekstri. Dæmi um gjaldfrjálsan úrgang er sléttur pappi, bylgjupappi, dagblöð, föt, kertaafgangar, nytjahlutir, drykkjarumbúðir o.fl. Úrgangur skal vera flokkaður þegar honum er skilað á endurvinnslustöð.

2) Gjaldskyldur úrgangur

Á endurvinnslustöðvum SORPU er greitt eftir rúmmáli úrgangs samkvæmt gjaldskrá. Starfsmaður mælir umfang úrgangsins. Almennungi ber að greiða fyrir:

- Úrgangur frá byggingu og breytingu húsnæðis og lóða (t.d. innréttingar, timbur, gólfefni, múrbrot og flísar)
- Úrgangur frá bílaviðgerðum
- Úrgangur frá húsdýrahaldi
- Steinefni (t.d. möl og jarðvegur)

Gjaldskrá er að finna á heimasíðu SORPU, www.sorpa.is.

3) Hámark farmstærða er 2 m³

Ef losa þarf stærri farma frá heimilum er það gert í móttökustöð SORPU í Gufunesi. Þar er nánast allur úrgangur gjaldskyldur og er greitt eftir þyngd samkvæmt gjaldskrá (farmi er ekið yfir vigt).

ATH! Pressið umbúðir vel saman – minnkið rúmmál úrgangs – það kostar að flytja loft!





Janúar

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Á vefnum sorpa.is er að finna upplýsingar um hvað skal gera við jólatré, gjafa-pappír og aðrar umbúðir sem falla til yfir jólin.					Áramótin 2008/2009 hófst söfnun á plastumbúðum frá almenningi í grenndargáma.	1 NÝÁRSDAGUR
2	3	4	5	6	7	8
				ÞRETTÁNDINN		
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
Þennan dag árið 1997 hófst söfnun á fernum til endurvinnslu.					BÓNDADAGUR	
23/30	24/31	25	26	27	28	29
	Þann 31. janúar 2003 hófst framleiðsla á rafmagni úr hauggasi í Álfnesi, urðunarstað SORPU.					



Flokkum og skilum úrgangi til endurvinnslu. Sjá upplýsingar í flokkunartöflu fremst í almanaki!



Febrúar

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Í febrúar árið 2000 hófst söfnun á fótum og klæði fyrir Rauða kross Íslands á endurvinnslustöðvum SORPU.		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
KONUDAGUR						
27	28					
Þennan dag árið 2009 opnaði ný endurvinnslustöð við Breiðhelli í Hafnarfirði.						



Föt og klæði nýtast til hjálparstarfs innanlands og erlendis á vegum Rauða kross Íslands.



SORPA
Flokkum og skilum

25
1991–2011



Mars

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
	BOLLUDAGUR	SPRENGIDAGUR	ÖSKUDAGUR			
13	14	15	16	17	18	19
		Á þessum degi árið 1996 hófst skipulagt fræðslustarf fyrir grunnskóla hjá SORPU.				
20	21	22	23	24	25	26
VORJAFNDÆGUR						
27	28	29	30	31		



Pappaþassinn getur orðið að nýjum pappaumbúðum ef honum er skilað til endurvinnslu.



Apríl

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
PÁLMA-SUNNU-DAGUR				SKÍRDAGUR SUMARDAGURINN FYRSTI	FÖSTUDAGURINN LANGI	
24 PÁSKADAGUR	25 ANNAR Í PÁSKUM	26 Á þessum degi árið 1991 var móttökustöð SORPU í Gufunesi formlega opnuð.	27	28	29	30



Ágóði af sölu nytjaskota í Góða hirðinum rennur til góðgerðarmála.





Maí

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
1 VERKALÝÐSDAGURINN	2	3	4	5	6	7
8 MÆÐRADAGURINN	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	Það var í maí árið 1994 sem SORPA hóf að framleiða moltu, lífrænan jarðvegsbæti úr garðaúrgangi.			



Trijagreinar og gras verða að jarðvegsbætinum moltnu. Sjá flokkunartöflu framarlega í almanakinu.



Júní

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
			1	2 UPPSTIGNINGARDAGUR	3	4
5 SJÓMANNADAGURINN	6	7	8	9	10	11
12 HVÍTASUNNUDAGUR	13 ANNAR Í HVÍTASUNNU	14	15	16	17 LÝÐVELDISDAGURINN	18
19	20	21 SUMARSÓLSTÖÐUR	22	23	24 JÓNSMESSA	25
26	27	28	29 Þann 29. júní árið 2000 voru fyrstu metanbílarnir, sem voru af gerðinni Volkswagen, teknir í notkun.	30		



Raftæki eru flokkuð í sex mismunandi flokka eftir efnistegundum.



Júlí

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
					1	2
3	4	5 Á þessum degi árið 1995 hófst skipulögð söfnun dagblaða og tímarita til endurvinnslu.	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24/31	25	26	27	28	29	30



Pappír og sléttur pappi eru endurnýttir í salernispappír og nýjar pappaumbúðir.



Sveinn Markússon — Skálar úr eirplötu og eir- og koparrörum sem hafa fengið að veðrast.

Ágúst

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
	1 FRÍÐAGUR VERSLUNARMANNA	2	3	4	5	6
7 Þennan dag árið 2008 var lögð gasleiðsla frá urðunarstaðnum í Álfsnesi í N1 á Bíldshöfða sem auðveldar flutning á metani, vistvænu eldsneyti á bíla.	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20 Á þessum degi árið 1999 var dótturfyrirtækið Metan hf. stofnað. Tilgangur þess er að sjá um sölu og dreifingu á metani sem myndast á urðunarstað SORPU.
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			



Málmur er verðmætt hráefni sem hægt er að endurvinna aftur og aftur! Sjá flokkunartöflu framarlega í almanakinu.



Ásta Olsen — Okkar hamingja og gleði.
Upplýsingatafla fyrir fjölskylduna úr jární, dagblöðum og bókaplasti.

September

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

Dagana 16.-17. september árið 1995 voru dagar sorphirðu og endurvinnslu haldnir í móttökustöð SORPU í Gufunesi.

HAUSTJAFNDÆGUR



Skilum spilliefnum til eyðingar og verndum þannig umhverfið. Sjá flokkunartöflu framarlega í almanakinu.



Október

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
Þann 23. október 1997 veittu Ungmennafélag Íslands og Umhverfissjóður verslunarinnar SORPU verðlaun fyrir stórstígar framfarir í sorphirðu.		Móttaka skilagjaldsskyldra umbúða hófst í október árið 1998 á endurvinnslustöðvum SORPU.				1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
						FYRSTI VETRARDAGUR
23/30	24/31	25	26	27	28	29



Skilagjaldsskyldar umbúðir nýtast í vegagerð, fataframleiðslu og gerð nýrra álumúða.



Nóvember

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
		1	2	3	4	5
6 Sameiginleg svæðisáætlun var samþykkt þennan dag árið 2009. Unnið er að heildstæðum lausnum á sviði úrgangsmála fyrir um 80% landsmanna í áætluninni.	7	8	9	10	11	12
13 FEDRADAGURINN	14	15	16 DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27 AÐVENTA	28	29	30 „Straumur til framtíðar“, ný endurvinnslulína í móttökustöð fyrir pappírs- og plastúrgang var tekin í notkun þennan dag árið 2007.			



Umbrúðir úr plasti fara bæði til orkuvinnslu og í framleiðslu á nýjum vörum.



Desember

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
				1 FULLVELDISDAGURINN	2	3
4	5	6 Á þessum degi árið 1996 hófst söfnun metangass á urðunarstað SORPU. Það var gert til að draga úr gróðurhúsaáhrifum frá starfseminni og til að nýta þá orku sem í gasinu felst.	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20 Þennan dag árið 1993 hófst samstarf við fjögur líknarfélög um söfnun nytjahluta. Samstarfið leiddi síðar til stofnunar Góða hirðisins, nytjamarkaðar SORPU og líknarfélaga.	21	22 VETRARSÓLSTÖÐUR	23 ÞORLÁKSMESSA	24 AÐFANGADAGUR
25 JÓLADAGUR	26 ANNAR Í JÓLUM	27	28	29	30	31 GAMLÁRSDAGUR



Kertaafgangar nýtast til framleiðslu á nýjum kertum.

Úrgangur verður auðlind

SORPA hefur verið starfandi frá árinu 1991 og fagnar því tuttugu ára afmæli á árinu 2011. Á þessu tímabili hefur umhverfisvitund almennings aukist mjög og endurvinnsla farið úr 8% upp í 40%. Í framtíðinni er stefnt að því að auka nýtingu úrgangs enn frekar og unnið er eftir langtímaáætlun með sjálfbærni að leiðarljósi.

Í almanakinu er stiklað á stóru í sögu SORPU, lesendum til fróðleiks, og tíma-mótaviðburðir merktir inn á viðeigandi daga. Flokkunartafla SORPU er einnig aðgengileg framarlega í almanakinu. Þar er að finna leiðbeiningar um hvernig á að flokka úrgang, ásamt upplýsingum um þær vörur sem verða til við endurvinnslu.

Í upphafi skyldi endinn skoða

Vöruhönnun framtíðarinnar tekur mið af lífsferli vörunnar frá vögggu til grafar, s.s. því að hráefni vörunnar séu umhverfisvæn, pakkningum haldið í lágmarki og að hægt sé að endurvinna vöruna að notkun lokinni. Neytendur eru áhrifamiklir því þeir skapa eftirspurn eftir vörum. Þeir geta haft áhrif á þróunina til framtíðar með því að velja umhverfisvænar vörur.

Verkin á síðum almanaksins eru að þessu sinni unnin af nemendum á listnámsbraut Iðnskólans í Hafnarfirði. Verkin voru unnin með vistvæna hönnun að leiðarljósi.

Litlu karlarnir á forsíðu og baksíðu eru búnir til úr innvolsi tölvu af Páli Einarssyni, vöruhönnuði, kennara á Listnámsbraut Iðnskólans í Hafnarfirði.

„Manstu þegar þú varst lítill og trúðir því að það væru karlar inni í útvarpinu sem töluðu.“

Ég meira að segja kíkti inn í útvarpið og fannst ég sjá þá. Þetta eru karlarnir!“

(Embla Vigfúsdóttir, hönnuður)